

Því það er ei lagt mér í hendur, að breyta sem skyldi,
og eg er ei sá, er skal koma sem kennari þinn
með knefana steytta og þrútinn af vandlæti' á kinn.

Nei, eg vildi koma sem kærleikans óþekktur boði,
koma sem hressandi blær og sem vormorgunnroði,
anda í sál þína allri, sem nýtt gerði heit,
að láta' allar ræður um trúskyldu hvíla sig heima
í rúfínu þar, sem að prestarnir blöðin sín geyma;
en hýnna sem bezt að þeim blómum, og hafa' á þeim gætur,
er blöð hafa fegurst og rætur
í hjarta þíns hálfgrónum reit. —

VIDAR.



Ófeigur í Skörðum.

KAFLI ÚR SAMKOMURÆÐU, FLUTT Í WINNIPEG Í NÓVEMBER 1904.

Eftir BJARNA LYNGHOLT.

..... Við þekkjum líklega öll hann „Ófeig í Skörðum“. — Hann var einn af þeim fáu, sem eg hlakkaði til að sjá, þegar eg kæmi hingað til Canada.

Það eru nú lítið innan við 20 ár síðan mánudagskvöldið í tíundu viku sumars, að hann réri út fjörðinn — sömu leið og sama bátnum, sem hann var vanur að róa. Sólin var alveg í sama stað og hún var vön um þetta leyti dags, póstskipið lág á sama stað á höfninni og það var vant, og báturinn og allt, sem augað eygði, gekk sinn vanalega gang; og þó hafði Ófeigi og bátnum hans aldrei verið veitt eins mikil eftirtekt og nú. — Nú var hann að flytja út í vesturfara skipið alla búslóðina og alla